

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 21. október 2011

KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR

Dregur lærdóm af gagnrýni

- SIGRÚN LILJA FÆR BÓKMENNTAVERÐLAUN
- INNLITID
- TÍSKA

VERÐ

Kr. **8.950**

LEIKJA
MÚS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

RAZER
MÝS OG LYKLABORÐ

SKOTHELD
Í LEIKINA



DeathAdder

Razer Death Adder
Mögnuð leikjamús með 3.5G
innrauðum skynjara, Optical 3500
punkta Razer Precision upplausn og
Hyperresponse flýtitökkum.

núna

Vertu meistari

FLOTTAR BUXUR Verslunin Geysir heldur kynningu á gallabuxnamerkinu Lee 101 í dag frá klukkan 17. Í tilefni þess verður boðið upp á léttar veitingar og góða músík auk afsláttar af öllum Lee-vörum.



meðmælin



Rokkað á Gauknun

Rokksveitin og eftirhermubandið Stóns heldur tónleika á Gauknunum annað kvöld. Stóns sérhæfir sig í að

leika tónlist hinnar mögnuðu sveitar Rolling Stones og gerir það listavel. Hljómsveitina skipa valinkunnir menn úr íslensku tónlistarlífi og eru því engir nýgræðingar við stjórnvölinn. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar 2.000 krónur inn.

Íslenskt, já takk

Kvikmyndin Borgríki er nútíma glæpasaga í anda Stiegs Larsson. Myndin er í leikstjórn Ólafs de Fleur og segir frá serbneskum bifvélavirkja sem missir ófætt barn sitt í árás. Hann hefnir sín og í leiðinni tvinnast örlög hans saman við lögreglukonu sem ytt er út á ystu nöf, spilltan yfirmann hennar í fíkniefnadeild lögreglunnar og glæpakóng sem er að missa tókin á veldi sínu. Borgríki er sögð vera besta íslenska spennyndin til þessa og fer leikarahlópurinn á kostum.



Tekur við verðlaunum í Hollywood

VERÐUR Í ROÐI FRÁ TOPPI TIL TÁAR

Ég er með örlitinn fiðring og hef ákveðið að njóta augnabliksins, sýna auðmýkt og gera mitt allra besta við að vera landi og þjóð til sóma á þessu kvöldi," segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og framkvæmdastjóri Gyðju Collection, en hún fær veitt verðlaun frá The National Academy of Best Selling Authors í kvöld.

Sigrún Lilja er einn af höfundum bókarinnar The Next Big Thing sem seldist á methraða á Amazon. Þess vegna heldur Sigrún Lilja til Hollywood þar sem hún tekur á móti sérstökum Golden Quill-verðlaunum fyrir framlag sitt til bókarinnar á The Annual Best Selling Summit and Awards Gala sem haldin eru á hinu einstaka Roosevelt-hótelu í hjarta Hollywood.

„Undirbúningur hófst fyrir um einum og hálfum mánuði þegar byrjað var að huga að klæðnaði og skartinu sem ég klæðist í kvöld," segir Sigrún Lilja sem verður í sérhönnuðum kjól frá íslenska merkinu Arfleifð frá hönnuðinum Ágústu Margrét Arnardóttur.

„Ágústa vinnur mikið úr íslenska roðinu sem ég er rosalega hrifin af, enda nota ég þetta fallega og alíslenska efni mjög mikið í skóna og fylgihlutina frá Gyðju. Það ríkti ákveðin leynd yfir kjólnum á meðan Ágústa saumaði hann og gerði hún nokkrar

útfærslur og liti á mig áður en við ákváðum að kjóllinn sem ég klæðist í kvöld yrði hvítur og gylltur."

Sigrún Lilja fékk Jóhannes Ottósson gullsmíð sem er með skartgripahönnunina Nox til liðs við sig en hann hefur sérhannað skartgripi fyrir viðburðinn. Jóhannes hefur áður unnið með Sigrúnu og þykir henni mikið til hans koma. Sigrún er stödd í Los Angeles ásamt vinkonu sem hún bauð með sér á verðlaunin og verður henni til halds og trausts í kvöld.

„Dagarnir hérna úti eru mjög vel nýttir og er dagskráin þéttbókuð, því ásamt því að taka við þessum verðlaunum er ég að funda nánast alla daga frá morgni til kvölds vegna Gyðju Collection, með teyminu

mínu hérna úti," segir Sigrún Lilja spennit fyrir kvöldinu.

alfrun@frettabladid.is

Verðlaun metsöluhöfunda Sigrún Lilja Guðjónsdóttir tekur við verðlaunum í kvöld klædd íslensku fiski-roði frá toppi til táar. Sigrún hannar skó og fylgihluti undir nafninu Gyðja.



Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
REYKJAVIKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108 // URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11 // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER, Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK GARÐABÆJAR, Litlatúni 3



Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

Bröns með öllu að hætti Jóa Fel
Parf að panta með dags fyrirvara - pantanir í síma 588 8998

Jói Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

Jean Paul Gaultier er illa við Önnu Wintour:

Segir Wintour vera skrímli

Franski fatahönnuðurinn Jean Paul Gaultier viðurkenndi nýverið að honum væri illa við Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue.

„Ég var ekki hrifinn af myndinni The Devil Wears Prada því Anna Wintour er meira skrímli en myndin gefur í skyn. Hún er ekki jákvæður karakter, hún er bara karakter," sagði hönnuðurinn. The Devil Wears Prada skartar þeim Meryl Streep og Anne Hathaway í aðalhlutverkum og er persóna Streep byggð að miklu leyti á Wintour, sem var mjög ósatt við gerð myndarinnar á sínum tíma.

Þó að myndin eigi að gerast í tískuheiminum þorðu fatahönnuðir ekki að koma fram sem þeir sjálfir af ótta við reidi Wintour, en hún þykir ein sú valdamesta innan tískuheimsins í dag.

- sm



Öttast Wintour Jean Paul Gaultier er ekki aðdáandi Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue. NORDICPHOTOS/GETTY

augnablikið



TÖFF Hönnuðurinn Vivienne Westwood var flott á opnun nýrrar verslunar sinnar í Shjanghai í Kína. Westwood hefur verið á meðal fremstu hönnuða heims allt frá upphafi áttunda áratugarins. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsiðumynd Anton Brink Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



SMÁRATORGI OG AKUREYRI EIGA AFMÆLI!

30%

AFMÆLIS-
AFSLÁTTUR

MAINE SÓFI 3JA
VAR: 119.900.-
NÚ: 89.930.-



AF ÖLLUM 2JA OG 3JA
SÆTA SÓFUM OG STÓLUM

3 FYRIR 2



AF PÚÐUM

NÝJIR PÚÐAR

40%

VAR 9990.-
NÚ 5994.-
AÐEINS ÞESSA HELGI

AF NÝJUM
KOLLUM



3 FYRIR 2



MARGIR NÝJIR LITIR

PAPASANSTÓLL

TIL Í ÝMSUM LITUM



TILBOÐSVERÐ 15.900.-
AÐEINS ÞESSA HELGI



GLÖS, MATARSTELL OG KÖKU-
DISKAR O.F.L. Á TILBOÐI
Í ELDHÚSDEILD



AFMÆLISHÁTIÐ OG TILBOÐ



ÖLL TILBOÐIN GILDA FRÁ FÖS. 21/10-SUN. 23/10 2011

VIÐ BJÓÐUM UPP Á TE OG GÓÐGÆTI ALLA
HELGINA Í TÍLEFNI AFMÆLISINS

TILBOÐ

GLÖS, MATARSTELL,
KÖKUDISKAR O.F.L.
Í ELDHÚSDEILD



3F2

AF ÖLLUM
PÚÐUM

NÝJIR PÚÐAR



TILBOÐ Á VÖLDUM PÚÐUM NÚ 1290.-
VORU 2490-2990.-

3F2



AF SNYRTIVÖRUM

3F2

AF KERTUM
NÝJIR LITIR!



HNETUBRJÓTARNIR KOMNIR!



MÖRG FLEIRI TILBOÐ

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Uppáhaldsstaðurinn: Mér líður best uppi í rúmi hjá syni mínum, þar eyðum við löngum stundum við lestur.



Uppáhaldsskartið: Þetta hálsmen fékk ég í morgungjöf frá eiginmanni mínum. Það er bæði fallett og táknað og svo kom það líka að góðum notum á meðgöngunni, þar sem það passaði vel upp á giftingarhringinn þegar bjúgurinn náði yfirhöndinni.



Uppáhaldshluturinn: Síminn minn. Ég grip í hann til að mynda gullkorn barnanna minna, hann geymir tölvupóstinn minn, spilar uppáhaldstónlistina mína, vekur mig á morgnana ef börnin eru ekki fyrir til og er bara alveg ótrúlega traustur félagi.

Einfalt og stílhreint

Guðrúnu Heimisdóttur líður vel í Hafnarfirði með fjölskyldunni.

Guðrún Heimisdóttir rekur fyrirtækið Puzzled by Iceland sem hennar og framleiðir púsluspil undir vörumerkinu „Puzzled by“. Hún er einnig að endurútgefa barnabækurnar um Mola litla fluguþrák eftir Ragnar Lár, ásamt eiginmanni sínum. Fyrstu bækurnar eru nýkomnar í verslanir og fleiri eru væntanlegar stuttu fyrir jól. Guðrún er búsett í Hafnarfirðinum ásamt manni sínum og tveimur börnum og kann fjölskyldan vel við sig þar. Föstudagur fékk að líta inn til Guðrúnar.

Aldur: 30 ára.

Í hvaða hverfi býrðu og hver er helsti kostur hverfisins? Ég bý í Hafnarfirði, sem er einn notalegasti bæur sem hægt er að finna og með yndislegan miðbæ. Ég er þannig staðsett að það er stutt fyrir mig að komast út úr bænum og svo er ég ekki nema mínútu að ganga upp á hæðina við Flensborg þaðan sem ég get horft yfir allan bæinn. Það er góður staður til að setjast niður og hugsa málin.

Hvar líður þér best í íbúðinni? Uppi í rúmi hjá syni mínum. Þar eyðum við löngum stundum við lestur ýmissa ævintýra. Hann er farinn að þylja upp heilu bækurnar með mér og við mæðginin erum saman að kenna litlu systur hans að sitja þrúð og hlusta. Hún er mikill orkubolti og skottast yfirleitt í kring á meðan ég les.

Hvað einkennir heimili þitt? Það mætti segja að það væri nokkurs konar IKEA-bragur á því en ég er mjög hrifin af öllu einföldu og stílhreinu. Ég vil hafa notalegt heima hjá mér og það má brotna glas á mínu heimili. Húsið mitt er í stuttu máli sagt fullt af dauðum hlutum og svo mínum dýrmætustu „hlutum“ sem er fjölskyldan mín. Á meðan fjölskyldan mín er í lagi þá er í lagi með heimilið mitt, öllu öðru má skipta út.

Hvernig er dæmigerður laugardagsmorgunn hjá þér? Við förum vanalega fram úr um klukkan sjö. Litlu molarnir mínir fá „kodd“ og lýsi í morgunmat og svo er hundurinn handmataður af syni mínum. Við förum stundum í sund og reynum þá að drífa okkur út sem fyrst því sundlaugarnar eru fljótar að fyllast. Annars finnst okkur líka voðalega notalegt að dóla bara heima, fara út í garð að leika eða út að labba með hundinn.



● ● ●
● ● ●
S I X



KRINGLAN & SMÁRALIND


www.click-six.com



Uppáhaldshúsgagnið: Blái sófinn frá afa mínum. Hann var inni á skrifstofunni hans og hann var vanur að leggja sig á honum. Það sést enn á áklæðinu hvorum megin fæturnir voru.



Uppáhaldsflíkin: Það eru annars vegar svört stígvél sem ég keypti í Sviss. Ég var alveg handviss um að ég myndi nota þau óspart og ég hef varla farið úr þeim síðustu vikurnar. Hins vegar er það grænn kjóll sem ég er með í láni frá systur minni og ég veit ekki hvort ég mun geta skilað honum. Þetta er ein klæðilegasta flík sem ég hef gengið í.



Uppáhaldslistaverkið: Þetta er Guðrún, eftir Sæmundur Valdimarsson. Ég fékk hana í þrjúgusafmælisgjöf frá foreldrum mínum og þykir ótrúlega vænt um hana. Sæmundur nefndi hana í höfuðið á mér eftir að hafa spurt þau hverjum hún væri ætluð þegar þau keyptu hana.

ESTÉE LAUDER

Kaupaukinn þinn

Ef þú verklar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 krónur eða meira, dagana 21. - 26. október í Lyfju Lág múla og Lyfju Smáratorgi.

Kaupaukinn inniheldur:

Advanced Night Repair – viðgerðardropa, 7ml
TimeZone Crème – fyrirbyggjandi krem við línunum og hrukkum, 7ml
TimeZone Night Creme – næturkrem, 7ml
Pure Color Gloss – varagloss, orchid passion
Sumptuous Mascara – Svartan maskara
Fallega snyrtibuddu

*Verðgildi kaupaukans ca. 16.173.-

*meðan birgðir endast



Nýtt: Cooling Eye Illuminator

Sérstök lögun keramikstútsins og svöl snertingin við hann er óvenjuleg og eykur áhrif af þessu nýja kremi sem hjálpar til við að minnka dökka bauga og þrota á augnsvæðinu. Augun verða bjartari á augabragði.

KÝS HREINSKILNI FRAM YFIR SKJALL



Sátt í starfi Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona segist sátt í starfi. Hún hefur starfað hjá Borgarleikhúsinu undanfarin þrjú ár og tekur meðal annars þátt í jólasýningu leikhússins. Hún er einnig á meðal leikenda í gamanþáttunum Kexvexmiðjunni.

Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona preytti frumraun sína á sjónvarpsskjánum í Kexvexmiðjunni. Í vetur mun hún meðal annars stíga á stökk í uppsetningu Borgarleikhússins á Fanny og Alexander.

Viðtal: Sara McMahon
Myndir: Anton Brink

Kristín Þóra tekur á móti blaðamanni í anddyri Borgarleikhússins. Hér hefur hún starfað síðustu þrjú ár og tekið þátt í ófáum verkum leikhússins.

„Þegar ég var mjög ung setti ég

oft upp sýningu í matarboðum eða veislum heima hjá okkur. Í minningunni gerði ég þetta ekki til að fá athygli heldur af því mér þótti svo eðlilegt að gera eitthvað skemmtilegt á mannamótum en svo rjátlaðist þetta hægt og rólega af manni. Sjálfri datt mér ekki í hug að ég mundi enda í leiklist enda fannst mér ég ekki nógu leikkonuleg.“

Kristín Þóra er beðin um nánari skýringu þar á. „Af því að ég er svo lágvaxin,“ segir hún hlējandi en bætir svo við: „Ætli mér hafi ekki bara fundist það vera hlutverk annarra á þessum tíma.“

Hefði leiklistin ekki orðið fyrir valinu segist Kristín Þóra vel hafa getað hugsað sér að verða hjúkrunarfræðingur eða prestur enda njóti hún þess að vinna með fólki. „Ég vissi að ég vildi vinna starf þar sem fólk er í forgrunni. Ég var á leiðinni í hjúkrunarfræði eftir

stúdentspróf en hafði áður sótt um í leiklistina og ekki komist inn. Á þessum tíma vann ég í Hlíðaskóla, gamla grunnskólanum mínum, og gamla leiklistarkennaranum mínum fannst út í hött að ég færi í hjúkrun og sagði mér að sækja aftur um í leiklistina. Hún gaf mér svo frí í vinnunni til að ég gæti valið mér einræðu að fara með í inntökuþrófinu. Og ég komst inn.“

TALAÐI ÍSLENSKU MEÐ HREIM

Fyrstu ár ævinnar bjó Kristín Þóra ásamt foreldrum sínum og systkinum í Bretlandi, en þar stunduðu foreldrar hennar nám í hjúkrun og læknisfræði. Fjölskyldan flutti aftur heim til Íslands þegar Kristín var sjö ára gömul. „Enski hreimurinn er enn mjög sterkur og greinilegur þegar ég tala ensku. Fyrstu mánuðina eftir að við fluttum heim

talaði ég meira að segja íslensku með enskum hreim, ég veit þetta því ég sá nýlega myndband sem tekið var í sjö ára afmælinu mínu og heyrði hreiminn greinilega.“

UNDIRBÚNINGURINN MIKILVÆGASTUR

Kristín Þóra stundaði nám við leiklistardeild Listaháskóla Íslands og segir námið hafa verið mjög krefjandi en einstaklega skemmtilegt. „Námið var rosalega skemmtilegt en því fylgdi mikil viðvera og mikil nánd, ég þurfti að velta mér upp úr gólfinu með bekkjarfélögum

eiga erfitt með að gera upp á milli hlutverkanna sem hún hefur leikið, öll hafi þau verið krefjandi á sinn hátt. „Hlutverkið í Ökutímum var erfitt vegna þess að verkið fjallaði um kynferðisofbeldi. Það tók mjög á mig að vita að þetta væri saga einhvers og að svona hræðilegt ofbeldi skyldi í raun vera til. Mér þótti einnig mjög krefjandi að leika hlutverk Ástu í Gauragangi. Ásta er þroskaskert og ég lagðist í mikla undirbúningsvinnu fyrir það hlutverk og í leiðinni kynntist ég fullt af yndislegu fólki. Ég get verið svolítið óörugg á sviði og þess vegna

Það breyttist allt við það að verða mamma. Ég nota tímann minn betur og hef að auki meira gaman af öllu sem ég geri.

mínum og var jafnvel með nefið í handakríkanum á þeim. Við lærðum að vinna mjög náð með hvert öðru og það gat vissulega tekið á að vera með sömu níu einstaklingunum í marga klukkutíma dag eftir dag,“ segir hún og brosir.

Kristín Þóra útskrifaðist sem leikkona árið 2007 og fékk nánast strax fastráðningu hjá Leikfélagi Akureyrar. Þar dvaldi hún í ár og kom meðal annars fram í verkunum Óvitanum og Ökutímum. „Ég kunnist ofsalega vel við mig á Akureyri og þar fékk ég, nýútskrifuð, einstakt tækifæri til að koma fram og leika.“

Kristín hóf næst störf hjá Borgarleikhúsinu og hefur unnið þar síðustu þrjú ár. Hún segist kunna vel við sig í Borgarleikhúsinu og að það sé að miklu leyti samstarfsfólki hennar að þakka. „Það er góður andi í húsinu og hér leggjast allir á eitt við að gera góðar sýningar. Ég gæti því ekki verið heppnari með bæði vinnustað og vinnufélaga.“

Kristín hefur komið fram í fjölda leikrita undanfarin ár og kveðst

finnst mér mikilvægt að vinna góða undirbúningsvinnu fyrir hvert hlutverk. Þá næ ég að slaka á og einbeita mér alfarið að því að skemmta áhorfendum.“

KÝS HREINSKILNI

Kristín Þóra er á meðal leikenda í gamanþáttunum Kexvexmiðjan sem sýndir eru í Sjónvarpinu og er þetta í fyrsta sinn sem hún kemur fram í sjónvarpsþætti. Kexvexmiðjan er í leikstjórn Gísla Rúnars Jónssonar og hefur fengið misjafna dóma meðal áhorfenda. Gagnrýni er óhjákvæmilegur hluti leikarastarfsins en Kristín segist helst reyna að draga lærdóm af henni. „Ég kys heldur að fólk sé hreinskilið við mig en að það hrósi mér fyrir eitthvað sem því þykir ekki gott. Ef gagnrýnin er slæm reyni ég að læra af henni og laga það sem betur mætti fara. Þannig hef ég í það minnsta reynt að tækla þetta hingað til.“

Aðspurð segir Kristín að það hafi verið mikil viðbrigði að stíga af leiksviðinu og færa sig yfir í sjón-

Ný sending af
Sófasett sófasettum
Stökum sófum
Svefnsófum og hornsófum



Afar vandad sófasett
Verð aðeins kr.
363.000.-

Val húsgögn

Armúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Sófi kr.165.000.- Hábakstóll kr.109.000.- Stóll kr. 89.000.-

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - **Laugardaga kl. 11-16**

myndabúmið
*



Mynd af mér í hlutverki Ástu í Gauragangi.



Ég og bróðir minn á fyrsta skóladeginum mínum úti í Bretlandi.



Fjölskyldumynd sem tekin var fyrir tveimur árum af Aldísi Pálsdóttur, ljósmyndara og snillingi.



Þarna var ég nýbúin að stíga á stökk í sumarhúsabyggð í Hollandi, búningurinn er eigin hönnun.

HAUSTTILBOÐ

30%



Norco Plateau
Verð 62.900

TILBOÐ **44.030**

50%



Vivi Sweety
Verð 16.900

TILBOÐ **8.450**

30%



Norco VFR 4
Verð 69.900

TILBOÐ **48.930**

20%



Bronco Windsor

Klassískt dömuhjól, 3 gírar og fótbremsa

Verð 59.900

TILBOÐ **47.920**

30%



Öll prírhjól
30%

20%



Scott Voltage 30
Verð 89.900

TILBOÐ **71.920**

40%



Norco Wolverine

Verð 129.900

TILBOÐ **77.940**

MIKIÐ MEIRA
ÚRVAL
Í BÚÐINI
AÐ **50%**
AFSLÁTTUR

varpsleik. Hún viðurkennir að hún hafi þó aðeins náð að sjá tvo þætti af Kexvexmiðjunni sökum anna. „Ég er eiginlega alltaf að sýna á þeim tíma sem þátturinn er í sjónvarpinu. Mér fannst mjög spennandi að fá tækifæri til að vinna í sjónvarpi því það er mikill munur á því og að leika á sviði. Í leikhúsi þarf maður að leika hlutverk sitt jafnvel kvöld eftir kvöld og reyna að halda verkinu fersku, jafnvel eftir hundrað sýningar. Þótt sum atriðin í Kexvexmiðjunni hafi þurft nokkrar tölur urðu þær sem betur fer aldrei hundrað,“ segir Kristín.

Kristín á soninn Emil Björn og að hennar sögn breytti fæðing hans miklu bæði í einkalífinu hennar sem og í starfi. Hún segist nú skipuleggja tíma sinn betur og kunna betur að slappa af. „Það breyttist allt við það að verða mamma. Ég nota tímann minn betur og hef að auki meira gaman af öllu sem ég geri, mér fannst svo svekkjandi að fara frá Emil og eyða þeim tíma í stress og vitlesu. Ég lærði líka að slappa af og taka sjálfa mig ekki of alvarlega.“

Kristín er gift Kára Allanssyni organista og gekk parið í það heilaga árið 2008. „Við giftum okkur í Hallgrímskirkju, Kári vildi hafa flott orgel og þau gerast ekki glæsilegri en í Hallgrímskirkju.“

HLAKKAR TIL JÓLANNA

Jólasýning Borgarleikhússins í ár er verkið Fanný og Alexander eftir sænska leikstjóran Ingmar Bergman. Kristín fer með hlutverk Maj og segist mjög spennt fyrir því að hefja æfingar. „Ég er mjög spennt fyrir því að hefjast handa og byrja vinnuna með samleikurum mínum og leikstjóranum. Þar sem þetta er jólasýning er ég að vinna öll jölin, vonandi tekst mér að klára jólainnkaupin fyrir Þorláksmessu,“ segir hún að lokum brosandí.



Götutískan er nýjasta æðið innan tískuheimsins:

Nýjar fyrirmyndir EN GAMLAR staðalímyndir

Vinsældir götutískublogga á borð við The Sartorialist, The Street Peeper, Facehunter og Tommy Ton hafa orðið til þess að meiri áhugi er á því sem gerist fyrir utan sýningarnar en á tískupöllum sjálfum.

Þegar tími tískuviknanna gengur í garð fara ljósmyndarar og bloggarar af stað til að mynda tiskuna á götunni og finna nýjstu stúlkuna, sem er „með'etta“. Þeir sem sækja tiskusýningarnar skarta sínu finasta pússi til að fanga athygli ljósmyndara sem keppast um að ná bestu myndinni. „Sértu ekki hluti af tiskuheiminum veistu líklega ekki að ritstjórar tiskutímaritanna fá fötin sín lánuð frá hönnuðum til að klæðast við ákveðinn viðburð. Þú veist heldur ekki að flest hætta þeir að borða meðan á tiskuvikunum stendur svo þeir passi í þessi fót,“ sagði Britt Aboutaleb, fréttastjóri Elle.com, eitt sinn.

Annar ritstjóri sagði sýnileika á tiskubloggunum auka vinsældir ritstjóra og þar með atvinnu- móguleika hans í framtíðinni. „Það er gaman að skoða götutiskuna á netinu en ég held að hún yti enn meira undir þær staðalímyndir sem tiskuheimurinn er að reyna að hrista af sér. Fólkið á myndunum er fallett, grannt og klætt í nýjstu tísku frá toppi til tár,“ sagði Aboutaleb.

Plötusnúðurinn og félagsljónið Leigh Lezark hefur lengi þótt smekklegr í klæðaburði.



Fyrirsætan Natalia Vodianova er gjarnan mynduð í kringum tiskuvikurnar.



Nýjar fyrirmyndir Fólkið innan tiskuiðnaðarinnar leggur mikinn metnað í klæðnað sinn þegar það sækir sýningar á tiskuvikunum. Anna Dello Russo er meðal annars þekkt fyrir að klæða sig ólíkt öllum öðrum. NORDICPHOTOS/GETTY

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Þíkan sem varð útundan

Það vantar eitthvað. Þíkan er ekki eins og hún á sér að vera. Hún undirbjó sig í níu mánuði undir átök sem aldrei komu. Eins og hlauparinn sem var settur á hliðarlínuna þegar hann var við það að klára maraþonið og fékk svo verðlaunapening sendan í pósti. Þíkan undirbjó sig andlega undir útvíkkun, rembing, þrýsting og strekkingu. Hún lærði haföndun, styrkti grindarbotnsvöðvana og æfði stellingar sem opnuðu grindina. Allt kom fyrir ekki. Þessi nýja kunnátta þíkkunnar fékk ekki að njóta sín og hún er svekkt. Því það vantar eitthvað.

Það er undarleg upplifun að „missa“ af fæðingu. Allt ferlið sem verðandi móðir les um og hlakkar til með kvíðablandinni eftirvæntingu. Hugsanir um hvernig það verði að missa vatnið og hvort hríðirnar hefjist í fjölmennum stað. Svo ekki sé nú talað um tilfinninguna að finna hvenær allt fer af stað. Öll þessi dulúð sem einkennir góða sögu er klippt út, líkt og hlé í bíósýningu á hápunkti spennunnar. Þíkkunni var kippt úr hringiðunni. Þess vegna vantar eitthvað. Sagan er ekki heil, frásögnin er ekki lengur í fyrstu persónu og hluta atburðarásarinnar vantar.


Keisaraskurður er framkvæmdur tvisvar í viku svo þú getur valið dag. Þér er úthlutað númer og biðstofa. Teymi sérfræðinga kynnir sig og potar, stingur og nuddar. Engin heitur pottur, kertaljós eða jóगतónlist. Skapabarmahárin eru rökuð, barnsfaðir boðinn velkominn og því næst ertu skorin. Þíkan hefur verið kæld niður fyrir frostmark og treystir hún því á sögumanninn til að segja sér hvað sé að gerast hverju sinni. Engar myndavélar og enginn spegill. Bara lýsing sérfræðings við höfuðs þér. Einn fótur og svo annar. Tíu tær og tíu fingur. Þíkan liggur þægilega hreyfingarlaus þegar fyrsta ópið kemur í heiminn og nýbökun móðir fellir stolt nokkur tár. Barnið fæddist þá leið sem það kaus og viðstaddir fagna fallega rúnuðu höfuðlagi keisaraynjunnar.

Sumir segja þíkkuna heppna að losna við þessar kvalir. Segja skurð vera lúxus sem ekki sé hægt að kvarta yfir. Ekkert vesen, bara hreinn og beinn saumur og leggöngin haldast stinn. Vissulega kveið hún fyrir mögulegum breytingum og hvort og hvar og hvernig hún myndi rifna en þessu átti hún ekki von á, neitað um hlutverk sem hún var fædd í. Hún er óbreyttur borgari en ekki hluti af elítunni sem tárust yfir fegurð taktfasts rembings.

Leiðirnar að markmiðinu geta verið margar og leiðin sjálf skiptir kannski ekki höfuðmáli svo lengi sem markmiðið næst. Innganga fékkst í klúbb mæðra þrátt fyrir að hafa verið neitað um vísluathöfnina. Þíkan er nú aukapersóna sem jafnar sig með tíð og tíma, hennar andlegu sár gróa eflaust á svipuðum hraða og læknaumarnir.



Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlil@frettabladid.is



TOPSHOP + OKTÓBER + NÁMSMENN =

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

fyrir framhalds- og háskólanema gegn framvísun skólaskírteins.

DAGLEGA MUNUM VIÐ EINNIG GEFA HEPPNUM NÁMSMÖNNUM SEM VERSLA HJÁ OKKUR GLÆSILEGA VINNINGA FRÁ VEITINGASTAÐNUM **GLÓ** OG LÍKAMSRÆKTARSTÖÐINI **HREYFINGU**.

Gildir ekki með öðrum afsláttum, tilboðum né kaupum á gjafakortum.

Ert þú vinur okkar á facebook.com/topshop.is

20. október - 16. nóvember

Villibráð

Veislan hefst í kvöld

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni víðsvegar að til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Jólahlaðborð

17. nóvember - 30. desember

Eigðu einstaka og hátíðlega kvöldstund á hinu óviðjafnalega jólahlaðborði Perlunnar. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!



**Gjafabréf
Perlunnar**
Góð gjöf við
öll tækifæri!

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Rýnt í götutískuna á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni:

Hress tónleikatíska

Tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves lauk síðasta sunnudag eftir fimm daga gleði og glaum. Föstudagur fór á stúfana ásamt ljósmyndaranum **Huldu Sif Ásmundsdóttur** og myndaði nokkra vel klædda gesti hátíðarinnar.



Nafn: Eva Dís Sigurðardóttir.
Aldur: 22 ára.
Starf: Námsmaður.
Nafn: Elísabet Ester Sævarsdóttir.
Aldur: 22 ára.
Starf: Nemur við HÍ og starfar á Hrafnistu.



Nafn: Fred Chabot.
Aldur: 29 ára.
Starf: Félagsráðgjafi.



Nafn: Hólmfríður S. Sigurlaugar-Guðmundsdóttir.
Aldur: 22 ára.
Starf: Stundar heimspekinám við HÍ.



Nafn: Thea-Maria.
Aldur: 26 ára.
Starf: Nemi.

Vertu viss um að D-vítamínið þitt skili sér fljótt út í líkamann og nýtist sem best!

DLUX1000 er byltingarkennt D-vítamín í munnúðaformi Tryggir hámarksnýtingu!

3 mánaða skammtur

Af hverju DLux 1000?

- DLUX 1000 er olíublandað og tryggir því betri nýtingu.
- Vítamínið fer beint út í blóðrás í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn sem tryggir hraðari upptöku.
- Skammtakerfi sem skammtar 1000IU í hverjum úða.
- Í hverju glasi eru 100 úðar um 3ja mánaða skammtur.
- Hentar grænmetisætum

D vítamín til daglegra nota
Hentar öllum aldri
Náttúrulegt piparmyntubragð



DLux1000 var þróað í samvinnu við Jan de Vries, en hann er frumkvöðull á sviði náttúrulegra lækninga, rithöfundur, fyrirlesari og hefur yfir 40 ára reynslu af fæðubótarefnum og áhrifum þeirra á heilsuna.

BetterYou™



Svartur brúðarkjöll Hönnuðurinn Vera Wang sýndi nokkra svarta brúðarkjóra og aðra í gráum tónum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Buxur á brúðkaupsdaginn THEIA Bridal sýndi meðal annars buxndragt á sýningu sinni.

Nýir straumar í brúðartískunni:

Nú er það svart

Á eftir hefðbundnu tískuvíkunum kemur brúðartískuvikan þar sem nýjustu straumarnir í brúðartískunni eru kynntir. Í ár mátti sjá nokkra óvenjulega strauma og sýndi hönnuðurinn Vera Wang meðal annars nokkra svarta kjóra.

Á meðal þess sem mátti sjá í brúðartískunni voru stuttir kjólar,

kjólar með háum klaufum, buxndragtir og síðast en ekki síst; kol-svarta kjóra. Hönnuðurinn Vera Wang brá út af vananum og frumsýndi nokkra svarta kjóra í bland við kjóra í gráum tónum. Augljóst er að hönnuðir eru óhræddari við að prófa nýja hluti í brúðarkjólartískunni og auka þar með úrvalið fyrir tilvonandi brúðir.

- sm

BetterYou™
Eins og náttúran hafði í hyggju
DLUX
1000



Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Lifandi Markaður

Innflutningsaðili: **Gengur vel ehf.**

Ray-Ban® dagar í Smáralind



20% afsláttur
af öllum sólgleraugum
frá **Ray•Ban** í dag og
fram á mánudag 24. okt.

Optical Studio
SMÁRALIND

Sjónmælingar: Tímabantanir í síma 528 8500



YFIRHEYRSLAN

Jóna Ottesen, annar eigandi tískuverslunarinnar Lakkalakk.com

Ertu A- eða B-manneskja?

Ég er sko algjör A-manneskja. Ég elska að vakna klukkan 7.30 og fara í sund, borða hollan morgunmat og er oftast sofnuð um klukkan 23. En um helgar fær B-manneskjan að blómstra.



Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?
Einn dagur eftir David Nicholls.

Uppáhaldsliðurinn:

Það er erfitt að velja einn uppáhaldslið, grænn og fjólublár eru báðir í uppáhaldi og svo allir hinir.

Hver eru nýjustu kaupin?

Ég keypti svaka flottar Oröblu-sokkabuxur í Lakkalakk.com sem ég dansaði í á Airwaves.

Hvað dreymir þig um að eignast?

Mig dreymir um að eignast ansi margt. En það sem mig bráðvantar núna er góðir vetrarskór, vetrarjakki, kósi íbúð og kort í jóga.

Hvaða lag kemur þér í gott skap?

Ég set oftast 80's lag á fóninn og fer þá í gott skap.

Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig?

Ég er örvhent.

Uppáhalds drykkurinn:
Íslenskt vatn.



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera liflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	69,9%	57,7%	Fréttablaðið	73,1%	60,1%
Morgunblaðið	26,3%	24,4%	Morgunblaðið	33,4%	31,5%
DV	9,5%	9,4%	DV	11,4%	10,9%
Fréttatíminn	44,4%	32,3%	Fréttatíminn	50,7%	36,9%
Finnur.is	25,3%	19,6%	Finnur.is	33,8%	26,1%
Monitor	24,5%	22,4%	Monitor	24,4%	23,5%
Viðskiptablaðið	7,1%	6,8%	Viðskiptablaðið	9,8%	8,7%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur

Fylgstu með